

Leikskólinn Marbakki



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2024 – 2025**

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans	3
4. Mat á skólastarfi	3
Innra mat 2023-2024	4
Ytra mat	4
Umbótaáætlun	5
Matsáætlun vegna skólaársins 2024 – 2025	5
5. Áherslur í starfi leikskólans	6
6. Foreldrasamstarf.....	6
Foreldraráð	6
Foreldrafélag.....	6
7. Tengsl leik- og grunnskóla.....	6
8. Starfsmannamál	6
9. Símenntunaráætlun	7
Skipulagsdagar og aðrir lokunardagar	7
10. Aðrar upplýsingar	7
Fjöldi barna	7
Húsnæði og lóð.....	8
Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025	8
Öryggismál	8
11. Fylgigögn.....	8
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun	9
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun	11
Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal	12
Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs.....	13

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, starfsaðferðir, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Ágætlega gekk að manna leikskólann haustið 2023 þó það hafi dregist fram á haustið en í október var leikskólinn fullmannaður og öll plássin 99 nýtt. Litlar starfsmannabreytingar urðu á skólaárinu og heilt yfir gekk vel að fylgja starfsáætlun leikskólans. Þetta var fyrsta skólaárið með nýrri gjaldskrá fyrir leikskóla Kópavogs og lokun leikskólans í vetrarfríum, jólafrí og páskafrí en boðið er upp á vistun í safnskólum á þessum dögum. Upplifun starfsmanna í Marbakka af breytingunum voru jákvæðar sem meðal annars komu fram í að vistunartími barna minnkaði verulega og um það bil 20% barnanna fóru í 6 tíma vistun. Það létti álag bæði að morgni og í lok dags. Starfsánægja jókst við að starfsfólk komst í vetrar- jóla- og páskafrí.

Á vorönn 2024 var lokið við að endurskoða skólanámskrá Marbakka og klárað verður að fínþússa texta og uppsetningu í ágúst. Ákveðið var að gera nýtt lógó fyrir Marbakka og leita eftir samvinnu við nærsamfélagið. Hvort tveggja, endurskoðuð skólanámskrá og nýtt lógó, verður kynnt fyrir skólasamfélagi Marbakka í upphafi skólaárs 2024 til 2025.

3. Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia en grundvöllur þeirra starfsaðferða er lýðræði og lögð áhersla á að börnin alist upp við að þau hafi heilmikið um sitt eigið líf að segja, þau hafi bæði rödd og áhrif. Litið er á barnið sem hæfileikaríkt og skapandi og virkni þess og áhugahvöt sé árangursríkasti drifkrafturinn í námi þess.

4. Mat á skólastarfi

Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir og gagnaöflun höfð fjölbreytt. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna, markvissar umræðum starfsfólks um starfið, endurmatssamtal við foreldraráð Marbakka, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal elstu barna leikskólans. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans í sjálfsmatsskýrslu.

Innra mat 2023-2024 (hvað var metið? Stutt samantekt fyrir leikskólann í heild sinni)

Matsþættir	2023-2024	Gagnaöflun
Stjórnun		
Faglegt samstarf	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og starfsmannasamtöl
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	Skólanámsrár Marbakka endurskoðuð á skólaárinu með þátttöku starfsmanna og metin í leiðinni. Starfsáætlun skólaársins metin vor 2024.
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og starfsmannasamtöl
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir
Námssvið leikskólans	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir
Leikskóli margbreytileikans	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir
Mat á námi og velferð barna	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, uppeldisfræðilegar skráningar og fundir
Mannauður		
Hlutverk leikskólakennara	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Fagmennska starfsfólks	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Starfsánægja	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Leikskólabragur		
Velferð og líðan barna	x	Foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl.
Innra mat		
Skipulag og viðfangsefni	x	Matsáætlun fyrir skólaárið metin.
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	Gagna var aflað m.a. með viðhorfskönnun meðal starfsmanna, markvissum umræðum starfsfólks um starfið, foreldraviðtölum, starfsmannasamtölum og viðhorfskönnun meðal barna fæddum 2018
Opinber birting og umræður	x	Birt á heimasíðu leikskólans og sett til umfjöllunar á workplace síðu starfsmanna Marbakka.

Ytra mat

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð af ytri aðilum í apríl en þegar þessi starfsáætlun var gerð í ágúst 2024 höfðu niðurstöður ekki borist.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Sjá sjálfsmatsskýrslu í fylgisskjali 1.

Matsáætlun vegna skólaársins 2024 – 2025

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2024-2025.
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum.
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2025
- Viðhorfskönnun meðal foreldra verður gerð í mars 2025 (af Skólapúlsinum)
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2025
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2025
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2025.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2025, spurt verður meðal annars um: Skilning starfsmanna á hugtökunum inngilding og fullgilding.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x	x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x		x	
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umræður		x		x

5. Áherslur í starfi leikskólans

Á skólaárinu verða ný ákvæði í aðalnámskrá leikskóla innleidd í skólastarf Marbakka og hófst sú innleiðing í raun á síðasta skólaári með mikilli og góðri umræðu allra starfsmanna um leikinn þ.m.t. sjálfssprottinn leik. Stjórnendur dýpkuðu skilning sinn á inngildingu og fullgildingu á síðasta skólaári til að auk hæfni sína við að leiða þá umræðu með starfsfólki skólaárið 2024 til 2025. Nýtt ákvæði um hlutverk kennara var líka sett fram í aðalnámskránni og verður það tekið til umfjöllunar í faghópsumræðum haustsins með öllum starfsmönnum. Nýju ákvæðin eru kominn inn í ný endurskoðaða skólanámskrá Marbakka sem verður kynnt rækilega fyrir skólasamfélaginu í upphafi skólaár. Verkefnið „Okkar leikskóli“ er ein af aðgerðum Kópavogsbæjar til að efla lýðræðislega virkni barna í leikskólum bæjarins. Verkefnið gengur út á að gefa börnunum í leikskólanum ákvörðunarrétt um hvernig þau vilja nýta ákveðna fjárupphæð árlega til að bæta aðstöðu þeirra í hverjum leikskóla. Samkvæmt barnasáttmálanum er skal unnið markvissa uppbyggingu á þekkingu, hæfni og viðhorfum til að styrkja getu barna til að vera virkir þátttakendur í lýðræðis- og jafnréttisþjóðfélagi.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

7. Tengsl leik- og grunnskóla

Marbakki á í formlegu samstarfi við Kársnesskóla. Kennarar beggja skóla útfæra samstarfið á hverju hausti. Elsti árgangur leikskólans fer í heimsóknir í Kársnesskóla og nemendur úr Kársnesskóla heimsækja leikskólann. Upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir áframhaldandi nám og þroska barns fer með tryggu hætti frá Marbakka í þann grunnskóla sem barnið fer í.

8. Starfsmannamál

Í Marbakka er gert ráð fyrir, um það bil, 15 stöðugildum á deildum á komandi skólaári, 1 stöðugildi leikskólastjóra, 0,4 stöðugildi í stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 0,5 stöðugildi sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðinn fjöldi stöðugilda til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Gert er ráð fyrir um það bil 26 stöðugildum í leikskólanum. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og þrjár deildarstjórar af 5 eru með leyfisbréf kennara. Einn deildastjóri er búinn með B.Ed. í leikskólakennarafræðum og annað árið af tveim í M.ed námi og einn nýr deildarstjóri er með uppeldismenntun og kennslureynslu og stefnir á

leyfisbréf á komandi ári. Þar til viðbótar eru fjórir með leyfisbréf leikskólakennara tveir starfandi á deild og tveir í stuðningskennslu.

Deildarstjóri er yfirmaður hvorrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Á síðasta skólaári var mönnun mjög álíka og áætlanir eru um fyrir komandi skólaár en fjöldi stöðugilda breytist á skólaárinu ef breyting verður í aldursamsetningu barna, menntun starfsmanna og stuðnings þörf barna.

9. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun byggir á þeirri fræðsluþörf sem kemur fram við endurmat liðins skólaárs og áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni þess. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar og aðrir lokunardagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

- 20. september, föstudagur.
- 13. nóvember, miðvikudagur.
- 2. janúar, þriðjudagur.
- 12. mars, miðvikudagur.
- 16. maí, föstudagur.

Vetrarfrí í leikskólanum eru:

- 24. og 25. október 2024
- 24. og 25. febrúar 2025

Jólafrí:

- 27. 30. og 31. desember 2023

Páskafrí:

- 14. 15. 16. apríl 2024

10. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Gert er ráð fyrir að börnin verði 99 skólaárið 2024 til 2025 og búið er að fylla í þau pláss þegar þessi starfsáætlun er gerð.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi: 27 börn fædd 2019, 23 börn fædd 2020, 26 2021 börn, 23 börn fædd 2022.

Af 99 nemendum eru 22 börn tvítyngd/þrítyngd.

1 barn er með 9 tíma vistun.

1 barn er með 8:45 tíma vistun.

77 börn eru með 7 til 8:30 tíma vistun.

20 börn með 6 klukkutíma vistun.

Það eru 5 börn samtals með 12 tíma í úthlutaðan stuðning í 1. og 2. flokki.

Húsnæði og lóð

Salernisaðstaðan á deildinni Ósi var færð milli herbergja en annað viðhald á húsnæði var ekki gert. Það á eftir að taka niður gamla salernið á Ósi og breyta því í nýtanlegt rými. Engin málningarvinna átti sér stað innan húss.

Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025

Óskað verður eftir málun á þremur deildum að lágmarki. Búið er að óska eftir í tvö ár að rafmagnsstokkur verði færður í sérkennsluherbergi og það málað og verður þeirri ósk haldið á lofti í þeirri von að hægt verði að fara í það þetta árið.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

11. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun

- Eiga samtal við foreldra á aðlögunartímanum til að mynda tengsl.

Leiðir: Starfsfólk á deild barnsins gefur sig að foreldrum á aðlögunartímanum, segir frá hver vinnutíminn þeirra er hversu lengi þeir hafa unnið á deildinni. Leikskólastjóri fer inn á deildina á aðlögunartímanum og kynnir sig fyrir foreldrum.

Tími: Á aðlögunartímanum

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um aðlögunartímann í viðhorfskönnun meðal foreldra í mars/apríl.

- Halda áfram með faghópumræður með skipulögðum hætti.

Leiðir: Skipuleggja hópana, tímasetja þá að hausti fyrir starfsárið. Umræðuefni á fagfundum verður ákveðið af starfsmönnum eins og við á í tengslum við það sem er sterkt á döfinni í menntun og uppeldi barnanna hverju sinni.

Tími: Skiplagt að hausti og fylgt eftir yfir skólaárið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Endurmat: Athugað að vori hvort hafi verið gert.

- Auka fagumræðu á deildum.

Leiðir: Festa deildarfundatíma í þeim tilgangi að fjölga þeim svo meiri tími gefist til faglegrar umræðu á deildarfundum. Stefnt að því að allar deildir séu með deildarfundum í annarri hverri viku.

Tími: Að hausti og endurskoða um áramót.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Um áramót eru fundirnir taldir á hverri deild fyrir sig og aftur að vori.

- Fjölga fagumræðum í undirbúningstíma starfsmanna.

Leiðir: Greina á deildarstjórafundum/um hvaða umræða telst til fagumræðna og skipuleggja undirbúningstíma þannig að betra svigrúm gefist í þá umræðu.

Tími: Í september/október.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um þetta í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2025.

- Bæta þátttöku allra starfsmanna í ákvarðanatöku.

Leiðir: Greina hvaða ákvarðanir starfsfólk upplifir að séu teknar án þess að allir fái möguleika á að taka þátt í þeim. Taka í auknu mæli ákvarðanir á starfsmannafundum og endurskoða siði og venjur á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum.

Tími: Greining á skipulagsdegi í september með öllum starfsmönnum og leggja áherslu á að ákvarðanatöku sé tekin í meira mæli á starfsmannafundum.

Endurmat: Spurt um aðkomu að ákvarðanatöku í viðhorfskönnun starfsmanna að vori 2025

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Starfsfólk veltir fyrir sér hugtakinu að „ráða“ og hver þau telja að tilfinning barnanna sé gagnvart því.

Leiðir: Skapa umræðuvettvang meðal starfsmanna um hvenær börn ráða í leikskólanum, hvað viljum við að börn ráði miklu og hverju.

Tími: Á skipulagsdegi í september verður sérstök umræða um að „ráða“.

Endurmat: Í viðhorfskönnun meðal elstu barna vor 2025 verða börnin spurð afmarkað um hverju þau ráða til dæmis ræður þú við hverja þú leikur í leikskólanum? Ræður þú hvort þú leikur þér úti og inni þegar þú ert í leikskólanum? O.s.frv.

- Hafa áfram samráðstíma sérkennslustjóra og deildarstjóra og finna út hentuga tíðni á þeim.

Leiðir: Sérkennslustjóri ákveður í september, í samráði við deildastjóra, hversu oft hann hefur samráðsfundi með hverjum og einum. Skipulagt að hausti og endurmetið um áramót og aðlagð að þörf.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tími: September og um áramót.

Endurmat: Rætt um árangur á deildarstjórafundum að vori.

- Kynna nýja námskrá Marbakka fyrir foreldrum.

Leiðir: Ný námskrá Marbakka verður kynnt í heild í upphafi skólaárs en kaflar um afmarkaða þætti í námskránni verða sendir foreldrum í tölvupóstum frá september 2024 til mars 2025.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Endurmat: Spurt um þekkingu foreldra á námskrá Marbakka í viðhorfskönnun meðal foreldra í mars/apríl 2025

- Leggja áherslu á áframhaldandi teymisvinnu stjórnendahóps Marbakka og inngilda nýjan deildarstjóra í stjórnendateymið auk þess að viðhalda og efla traust innan hópsins.

Leiðir: Haldinn verður tveggja tíma stjórnendafundur í lok ágúst með þetta meðal annars að markmiði og aftur í byrjun febrúar 2025.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Tími: Lok ágúst og í febrúar 2025.

Endurmat: Spurt um traust og samvinnu í stjórnendahópnum í starfsmannasamtölum á vorönn.

- Starfsfólk fræðist um hversvegna mikil áhersla er lögð á, í starfsaðferðum Reggio Emilia, að gengið sé útfrá því að börn séu hæfileikarík og getu mikil. Hvað er verið að vísa að og hverju skiptir það?

Leiðir: Á skipulagsdegi í nóvember verður fræðsla um mikilvægi þess að börn hafi trú á eigin getu og starfsfólk hafi trú á börn séu hæfileikarík og getu mikil. Utanaðkomandi fyrirlesari kemur með erindi um þetta málefni. Jafnvel verður þetta haft sem umræðu efni í faghópsumræðum á vorönn.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri

Tímarammi: Skólaárið 2024 til 2025

Endurmat: Starfsfólk spurt í viðhorfskönnun að vori um hvort og þá með hvað hætti fræðslan hafi haft áhrif á starf þeirra á skólaárinu.

- Innleiða ný ákvæði í aðalnámskrá leikskóla með áherslu á inngilding, fullgilding og hlutverk kennara.

Leiðir: Byrja á að fara yfir þær glærur sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir á starfsdegi leikskólastjórnenda í Kópavogi undir handleiðslu Guðrúnar Öldu með stjórnendateyminu í lok ágúst 2024. Kynning fyrir allt starfsfólk á öllum nýju ákvæðunum í aðalnámskránni verður á skipulagsdegi í september. Inngilding og fullgilding verður umræðuefni í fyrstu faghópsumræðu að hausti og hlutverk kennara verði umræða í annarri faghópsumræðu að hausti. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri styrkja sig í að leiða umræðuna m.a. með þátttöku í námskeiðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: Skólaárið 2024 til 2025

Endurmat: Spurt um í viðhorfskönnun starfsmanna vorið 2025.

- Kynna nýtt lógó Marbakka.

Leiðir: Byrja að kynna lógóið fyrir starfsfólki og börnum, svo foreldrum og að lokum ytra umhverfi.

Kynning starfsfólks fer fram á workplacesíðu starfsmanna í byrjun skólaárs. Starfsmenn sjá svo um að kynna það fyrir börnum og merkið verður hengt upp í umhverfi barnanna. Kynning til foreldra fer fram í tölvupósti í ágúst og lógóið notað meira en áður í kynningarefni og fréttum frá skólanum.

Tími: Haust 2024

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótalistann.

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundur	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	Aðra hvora viku	Unnið í vinnutíma	Stjórnendur
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Endurmat á líðan og starfi hvers og eins starfsmanns	Vor 2024	30 - 60 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Stjórnendateymi	Jafningafræðsla, stuðst við glærur frá Guðrúnu Öldu	Undirbúa stjórnendur að leiða vinnu á skipulagsdegi 20. sept. að innleiða ný ákvæði í aðalnámskrá	28. ágúst	1 kl. tími	Unnið í eftirvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymi	Teymisvinna	Samtal um teymisvinnu og Ígrundun um hvaða umræða telst til fagumræðu.	28. ágúst	1 kl. tími	Unnið í eftirvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar jafningja fræðsla ný ákvæði í aðalnámskrá	Inngangur að innleiðing á nýjum ákvæðum í aðalnámskrá leikskóla.	20. september	2 kl. tímar	Unnið í vinnutíma	Stjórnendateymið
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar Fræðsla	Lýðræði barna, hverju viljum við að börn ráði? Hvernig styðjum við við það? Upprifjun á lýðræði í starfsaðferðum Reggio Emilia	20. september	1 kl. tími	Unnið í vinnutíma	Leikskólastóri
Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólast	Námskeið í Glasgow um inngildandi skólastarf	Styrkja stjórnendur í inngildandi skólastarfi.	17. og 18. október	12 kl. tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskóla-stjóri
Allt starfsfólk	Fræðsla og vettvangskennsla	Utanaðkomandi fræðsla um inngildandi skólastarf	30. okt. eða 1. nóv.	4 til 6 kl. tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar Fræðsla	Fræðsla um getu barna. Höfum við trú á getu barna og styrkjum við börn að hafa trú á eigin getu?	13. nóvember	1 ½ kl. tími	Unnið í vinnutíma	Leikskólastóri
Allir starfsmenn	Fagfundir	Þátttaka allra starfsmanna í umræðum um fagleg mál	Allt skólaárið	4 x á skólaárinu	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Námskeið skipulagsdagur	Skyndihjálp og slysavarnir	13. nóv eða 2. Jan.	3 til 4 kl. tímar	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Handleiðslufundur	Deildastjórahandleiðsla	1x á önn	2 tímar í senn	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Handleiðslufundur	Stjórnendateymið	1x á önn	2 tímar í senn	Unnið í eftirvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	1x í viku	45 mín. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal

Leikskóladagatalið er í betri upplausn á þessari slóð: <https://marbakki.kopavogur.is/foreldrar/leikskoladagatal/>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2024 - 2025

Marbakki leikskóli

ÞUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F. Sumarfrí	1. S.	1. Þ.	1. F.	1. S. Vallaklárferið	1. M. Nýársdagur	1. L.	1. L.	1. Þ.	1. F. Verkalíðsdagurinn	1. S.	1. Þ.
2. F. Sumarfrí	2. M.	2. M.	2. L.	2. M.	2. F. Skipulagsdagur	2. S.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M. Sjömannsdagurinn	2. M.
3. L.	3. Þ.	3. F.	3. S.	3. Þ.	3. F.	3. M.	3. M. Bolludagur	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.
4. S.	4. M.	4. F.	4. M.	4. M.	4. L.	4. Þ.	4. Þ. Sprengidagur	4. F.	4. S.	4. M.	4. F.
5. M. Frídagur vestráunarmanna	5. F.	5. L.	5. Þ.	5. F.	5. S.	5. M.	5. M. Östurdagur	5. L.	5. M.	5. F.	5. L.
6. F. Sumarfrí	6. F.	6. S.	6. M.	6. F.	6. M. Þrettándinn	6. F. Dagur leikskólans	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F.	6. S.
7. M. Sumarfrí	7. L.	7. M.	7. F.	7. L.	7. Þ.	7. F. Dagur tónlistarskóla	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. M.
8. F. Leikskólinn opnar kl. 13	8. S. Dagur læsis	8. Þ.	8. F. Þorsöttudagur gegn einliði	8. S.	8. M.	8. L.	8. L.	8. Þ.	8. F.	8. S. Hvítasunnudagur	8. Þ. Leikskólinn loka kl. 13
9. F.	9. M.	9. M.	9. L.	9. M.	9. F.	9. S.	9. S.	9. M.	9. F. Annar í hvítasunnunni í þessari viku er sumarhálsfordrarskólagætt	9. M. Sumarfrí	9. M. Sumarfrí
10. L.	10. Þ.	10. F.	10. S.	10. Þ.	10. F.	10. M. Dagur íslenskra tónlistarskólans	10. M.	10. F.	10. L.	10. F. Sumarfrí	10. F. Sumarfrí
11. S.	11. M.	11. F.	11. M.	11. M.	11. L.	11. Þ.	11. F.	11. F. Ármali Marbakka	11. S.	11. M. F.	11. F. Sumarfrí
12. M.	12. F.	12. L.	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. M.	12. M. Skipulagsdagur	12. L.	12. M.	12. F.	12. L.
13. Þ.	13. F.	13. S.	13. M. Skipulagsdagur	13. F.	13. M.	13. F.	13. F.	13. S. Pálmasunnudagur	13. Þ.	13. F.	13. S.
14. M.	14. L.	14. M.	14. F.	14. L.	14. Þ.	14. F.	14. F. Dagur stærðfræði	14. M. Dymbilvika	14. M.	14. L.	14. M. Sumarfrí
15. F.	15. S.	15. Þ.	15. F.	15. S.	15. M.	15. L.	15. L.	15. Þ. Dymbilvika	15. F.	15. S.	15. Þ. Sumarfrí
16. F.	16. M. Dagur íslenskrar náttúru	16. M.	16. L. Dagur íslenskrar náttúru	16. M.	16. F.	16. S.	16. S.	16. M. Dymbilvika	16. F. Skipulagsdagur	16. M.	16. M. Sumarfrí
17. L.	17. Þ.	17. F.	17. S.	17. Þ.	17. F.	17. M.	17. M.	17. F. Skírdagur	17. L.	17. Þ. Lúðveldisdagurinn	17. F. Sumarfrí
18. S.	18. M.	18. F.	18. M.	18. M.	18. L.	18. Þ.	18. Þ.	18. F. Föstudagurinn langi	18. S.	18. M.	18. F. Sumarfrí
19. M.	19. F.	19. L.	19. M.	19. F.	19. S.	19. M.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. L.
20. Þ.	20. F. Skipulagsdagur	20. S.	20. M. Dagur mannréttinda	20. F.	20. M.	20. F.	20. F.	20. S. Páskadagur	20. Þ.	20. F.	20. S.
21. M.	21. L.	21. M.	21. F.	21. L.	21. Þ.	21. F.	21. F.	21. M. Annar í Páskum	21. M.	21. L.	21. M. Sumarfrí
22. F.	22. S.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. M.	22. L.	22. L.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. Þ. Sumarfrí
23. F.	23. M.	23. M.	23. L.	23. M. Þorláksemsdagur	23. F.	23. S. Konungdagur - upphaf	23. S.	23. M.	23. F.	23. M.	23. M. Sumarfrí
24. L.	24. Þ.	24. F. Vetrarfrí	24. S.	24. Þ. Áðfangsdagur jóla	24. F. Fyrsti dagur þorra	24. M. Vetrarfrí	24. M.	24. F. Sumardagurinn fyrsti	24. L.	24. Þ.	24. F. Sumarfrí
25. S.	25. M.	25. F. Vetrarfrí	25. M.	25. M. Jólisdagur	25. L.	25. Þ. Vetrarfrí	25. Þ.	25. F.	25. S.	25. M.	25. F. Sumarfrí
26. M.	26. F. Evrópski tungumáldagurinn	26. L. Vallaklárferið	26. Þ.	26. F. Annar í jólum	26. S.	26. M.	26. M.	26. L.	26. M.	26. F.	26. L.
27. Þ.	27. F.	27. S.	27. M.	27. F. Jólafrí	27. M.	27. F.	27. F.	27. S.	27. Þ. Útskriftardagur árg 20	27. F.	27. S.
28. M.	28. L.	28. M.	28. F.	28. L.	28. Þ.	28. F.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. M. Sumarfrí
29. F.	29. S.	29. Þ.	29. F.	29. S.	29. M.	29. L.	29. L.	29. F.	29. F. Vardlaxisferið	29. S.	29. Þ. Sumarfrí
30. F.	30. M.	30. M.	30. L.	30. M. Jólafrí	30. F.	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. M.	30. M. Sumarfrí
31. L.		31. F.		31. F. Gamlsýrisdagur	31. F.		31. M.		31. L.		

Eftirtaldir viðburðir á leikskólalárinu 2024 - 2025 standa öllum foreldrum til boða:
 Í september verður morgunkaffi á deildum, ferildir deilda fá tækifæri til að hittast.
 Í desember er jólakaffi fyrir forelra og aðstandendur.
 Í febrúar og mars verður öllum foreldrum boðið upp á foreldravíðtöl.
 Í maí í kringum afmælisdags Marbakka er morgunkaffi og opið hús, foreldrar og aðrir aðstandendur velkomnir.
 Í júní er sumarhátíð Marbakka í boði foreldrafélagsins, aðstandendur velkomnir að vera með á hátíðinni.

Athugið, í jólafríi, páskafríi og í vetrarfríum verða alltaf einhverjir leikskólar opnir í Kópavogi sem taka við þeim börnum sem ekki hafa möguleika á að fara í frí þá daga. Skrá þarf börnin í vistun þessa daga.

Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs

Kópavogur, 3/9 2024

Við fulltrúar í foreldraráði Marbakka staðfestum með undirskrift okkar hér fyrir neðan að við höfum tekið til umfjöllunar starfsáætlun Marbakka, fyrir skólaárið 2024 – 2025.

Foreldraráðið gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina.


Hafrun Lilja Jakobsdóttir


Dóra Sif Ingadóttir


María Ósk Sværisdóttir


Eydis Inga Valsdóttir